

Aðalfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna 11. – 14. apríl 2013

Fundurinn haldinn í Amsterdam, Hollandi.

Hópurinn gisti í Hampshire – Hotel Lancaster, Plantage Middenlaan , 48.

Stjórn SFA 2012-2013: Sunna Njálisdóttir Bókasafni Grundarfjarðar, formaður, Ragnheiður Óladóttir Amstbókasafninu Stykkishólmi ritari, Halldóra Jónsdóttir Bókasafni Akraness gjaldkeri og Sævar Ingi Jónsson Héraðsbókasafni Borgarfjarðar meðstjórnandi.

Dagskrá:

1. Lesin fundargerð aðalfundar 2012 og skýrsla stjórnar 2012-2013.
2. Reikningsuppgjör s.l. árs.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs.
6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld.
7. Önnur mál.

Aðalfundur SFA 2013 haldinn þann 11. apríl 2013 í rútu frá Ede til Amsterdam.

Formaður, Sunna Njálisdóttir setti fundinn.

Fyrsta mál á dagskrá: Formaður las fundargerð aðalfundar 2012 sem var samþykkt án athugasemda.

Sunna las upp skýrslu stjórnar 2012-2013 og var bent á það að Bókasafn Kirkjubæjarklausturs hafði ekki sagt sig úr félaginu enda forstöðumaður mættur í ferðina góðu.

Fundi frestað til næstu rútuferðar.

Framhald Aðalfundar haldinn 12. apríl 2013, í rútu frá Amsterdam til Almere.

Skýrsla gjaldkera:

Gjaldkeri Halldóra lagði fram rekstrar- og efnahagsreikning SFA 2012-10. apríl 2013 og Fjárhagsáætlun SFA 2013-14. Farið var yfir helstu útgjaldaliði:

- Vorfundur SFA 2012 var haldinn í Hveragerði og mættu 32 félagar. Kostnaður við fundinn var 771.530 og greidd ráðstefnugjöld voru 738.150. Tap 33.380 Hveragerðisbær styrkti Vorfundinn um kr. 150.000 og var þeim þakkað fyrir, bréflega / vefpósti.
- Þann 16. nóvember 2012 voru sendir út greiðsluseðlar vegna árgjalda til 49 félaga og höfðu öll söfnin greitt árgjaldið í janúar 2013, samtals 379.750.
- Helstu kostnaðarliðir hjá félaginu eru póstlistinn, kr 4.245 á mánuði (síðasti greiðsluseðill) og vefhýsing á vefsíðunni www.fina.is kr. 1.205 á mánuði (síðasti greiðsluseðill).
- Nýr félagi er Héraðsbókasafn Dalasýslu en þar er forstöðumaður Hugrún Otkatla Hjartardóttir.

• Eignastaða er góð og er það m.a vegna eigna Vefbókasafnsins sem runnu til félagsins er Vefbókasafnið var lagt niður, kr 667.000.

Gjaldkeri lagði einnig fram fjárhagsáætlun SFA 2013-14. Lagt er til að félagsgjöld hækki í 8.500 + póstkostnaður. Þó eignastaðan sé góð, verður kostnaður við Vorfund 2013 hærri en venjulega og einnig þarf að endurgera vefsíðu félagsins. Engin áætlun liggur fyrir hvað það mun kosta.

Samþykkt að hækka félagsgjöld.

Umræða varð um reikningana en endurskoðendur eiga eftir að samþykkja reikninga.

Kosning endurskoðenda reikninga:

Erla Kristín Jónasdóttir og Óskar Guðjónsson gefa kost á sér áfram sem skoðunarfólk reikninga.

Fundi frestað.

Framhald aðalfundar haldinn í Hotel Lancaster Hamshire 12. apríl kl. 17:45 -19:00
Formaður, Sunna Njálisdóttir stýrði fundi.

Kosning stjórnar.

Sunna, Halldóra og Ragnheiður gefa kost á sér áfram og var það samþykkt einróma um leið og Sunna var endurkosin sem formaður SFA.

Meðstjórnandi Sævar Ingi Jónsson gengur úr stjórn. Edda Björk Kristmundsdóttir Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði gaf kost á sér sem meðstjórnandi. Samþykkt einróma. Hrafn Harðarson hvatti stjórnina til að hafa gott samband og samráð við Pálínu Magnúsdóttur, fulltrúa SFA í Bókasafnaráði.

Áhöld eru um hvort einn meðstjórnandi dugi til setu í stjórn. Lagt var til að tillaga að lagabreytingu um það verði lögð fyrir aðalfund 2014.

Lagabreytingar.

Sunna kynnti tvær tillögur um breytingu á 4. gr laga SFA sem stjórnin hafði kynnt félögum á póstlista Fínu viku áður.

Greinin hljóðar svo óbreytt:

4. gr.

Félagsmenn geta þeir orðið sem veita almenningsbókasöfnum forstöðu og starfa hjá sveitarfélagi sem hefur skipulagða bókasafnsþjónustu. Auk þess geta safnstjórar útibúa frá almenningssöfnum og forstöðumaður Blindrabókasafnsins og Bókasafns Norræna hússins gerst fullgildir félagar.

Með aðild að samtökunum fylgir eitt atkvæði. Forstöðumanni eða safnstjóra er heimilt að senda staðgengil sinn á aðalfund samtakanna og fylgir þá atkvæðisrétturinn honum.

Úrsögn úr samtökunum tekur gildi á næsta aðalfundi. Ef árgjöld eru ekki greidd tvö ár í röð jafngildir það úrsögn.

Hætti félagi aðild eða sæti brottvikningu á hann ekki kröfu á hendur samtökunum.

Lagabreyting:

Tillaga 1.

Félagsmenn geta þeir orðið sem veita almenningsbókasöfnum forstöðu og starfa hjá sveitarfélagi sem hefur skipulagða bókasafnsþjónustu. Auk þess geta safnstjórar útibúa frá almenningsöfnum og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og Bókasafns Norræna hússins gerst fullgildir félagar. Skilyrði er að forstöðumaður hafi starfstöð á bókasafninu. ...

Tillaga 2.

Félagsmenn geta þeir orðið sem veita almenningsbókasöfnum forstöðu, hafa starfstöð á bókasafninu og starfa hjá sveitarfélagi sem hefur skipulagða bókasafnsþjónustu. Auk þess geta safnstjórar útibúa frá almenningsöfnum og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og Bókasafns Norræna hússins gerst fullgildir félagar. ...

Umræður um lagabreytingar:

Pálína leggur til að breytingartillögum verði hafnað. Telur að SFA eigi ekki að skipta sér af hvar forstöðumaður hefur starfstöð.

Hrafn: Þær breytingar hjá sveitarfélögum að setja einn menningarstjóra yfir allar menningarstofnanir sveitarfélags þar á meðal bókasafns eru áhyggjuefni.

Að sögn Eddu Kristmundsdóttur urðu miklar breytingar á Ísafirði fyrir nokkrum árum og frést hefur af fleiri bæjarfélögum þar sem breytingar standa fyrir dyrum.

Minnt var á hver væri tilgangur með félaginu og lagt til að skoða þróun á stöðu almenningsbókasafna í skipuriti sveitarfélaga næsta árið.

Að lokum var samþykkt að 4. gr verði óbreytt nema hvað varðar nafnabreytingu á Blindrabókasafni sem hlotið hefur nafnið Hljóðbókasafn Íslands:

4. gr.

Félagsmenn geta þeir orðið sem veita almenningsbókasöfnum forstöðu og starfa hjá sveitarfélagi sem hefur skipulagða bókasafnsþjónustu. Auk þess geta safnstjórar útibúa frá almenningsöfnum og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og Bókasafns Norræna hússins gerst fullgildir félagar.

Með aðild að samtökunum fylgir eitt atkvæði. Forstöðumanni eða safnstjóra er heimilt að senda staðgengil sinn á aðalfund samtakanna og fylgir þá atkvæðisrétturinn honum.

Úrsögn úr samtökunum tekur gildi á næsta aðalfundi. Ef árgjöld eru ekki greidd tvö ár í röð jafngildir það úrsögn.

Hætti félagi aðild eða sæti brottvikningu á hann ekki kröfu á hendur samtökunum.

Nýir félagar:

Soffía Karlsdóttir, sviðsstjóri menningar- og upplýsingasviðs Seltjarnarnessbæjar sótti um inngöngu í félagið í vetur sem forstöðumaður á Bókasafni Seltjarnarness og var það samþykkt.

Margrét Ásgeirsdóttir sem áður var forstöðumaður á Selfossi hefur fært sig til

Bókasafns Norræna hússins og Pálína Magnúsdóttir sem var á Bókasafni Seltjarnarness er nú borgarbókvörður. Aðild þeirra breytist því ekki.

Önnur mál:

Vefsíðan. Fundurinn samþykkir að leggja um 100 þús í endurgerð vefsíðunnar. Sigrún Guðnadóttir sagði frá vefsíðunni bokasafn.is sem er í eigu Upplýsingar. Stjórninni var falið að skoða hvort hægt væri að vista gögn SFA undir henni fremur en að uppfæra vefsíðuna hjá Emstrum.

Sigrún sagði einnig frá slagorði næsta Bókasafnadags sem er 9. september 2013:

Lestur er bestur, spjaldanna á milli.

Stefnt er að málþingi sveitarstjórnarmanna og almenningsbókasafna með fulltingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins.

Eftir samráðsfund með Tryggva Þórhallssyni hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í febrúar kom fram tillaga um að hittast á haustfundi í Grundafirði haustið 2013. Þar verða breytingar á skipulagi almenningsbókasafnsins fyrir haustið. Samþykkt var að stefna að heimsókn á Bókasafn Grundarfjarðar.

Þátttakendur:

Anna Sigríður Einarsdóttir, Hafnarfirði
Björk Ingimundardóttir, Kirkjubæjarklaustri
Edda Björg Kristmundsdóttir, Ísafirði
Erla Kristín Jónasdóttir, Reykjavík
Gunnhildur E Kristjánsdóttir, Hvolsvelli
Halldóra Jónsdóttir, Akranesi
Heiðrún Dóra Eyvindardóttir, Árborg
Hólmkell Hreinsson, Akureyri
Hlíf Arnadal, Hveragerði
Hrafn A Harðarson, Kópavogi
Hugrún Otkatla Hjartadóttir, Búðardal
Jóhanna Hafliðadóttir, Egilsstöðum
Laufey Eiríksdóttir, Dalvík
Margrét Rebekka Gísladóttir, Grindavík
Oddný Hrönn Björgvinsdóttir, Garðabæ
Pálína Magnúsdóttir, Reykjavík
Ragnheiður Óladóttir, Stykkishólmi
Sævar Ingi Jónsson, Borgarnesi
Sigrún Guðnadóttir, Kópavogi
Stefanía Vigdís Gísladóttir, Kópaskeri
Sunna Njálisdóttir, Grundarfirði
Þórdís Friðbjörnsdóttir, Sauðárkróki

Aðalfundi slitið kl. rúmlega 19.00

Fundargerð rituð af stjórninni og lögð fyrir félagi á póstlistanum eftir að heim er komið.